

21. fundur

3. júlí 2018

1606030SA

Málalykill: 16.03

## Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 3. júlí 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 10:00.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Rúnar Þórsson. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### 1. Mat á námi stuðningsfulltrúa

Lögð fram beiðni um mat á námi af félagsliðabraut-brú í Borgarholtsskóla. Starfsmaður starfar sem stuðningsfulltrúi og er með menntun fyrir stuðningsfulltrúa.

Máli frestað.

Samþykkt að fulltrúar SNS teikni tillögu að mati á námsleiðum með tilliti til gr. 10.2.1 og 10.2.3 í kjarasamningi.

### 2. Mat á námi starfsmanna á leikskólum í Hafnarfirði

Lagt fram erindi frá Verkalýðsfélaginu Hlíf varðandi námskeið starfsmanna á leikskólum í Hafnarfirði. Einnig liggja fyrir fundi upplýsingar um námskeið og starfsheiti starfsmanna.

Máli frestað.

### 3. Mat á námi launafulltrúa

Lögð fram beiðni um mat á 15 eininga námi í mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera hjá starfsmanni sem lokið hefur formlegu námi á framhaldsskólastigi.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.45

Næsti fundur verður haldinn 17. september kl. 9.30